Ed. **108. Nefndarálit** [40. mál]

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin mælir með því, að efri deild samþykki frumvarp þetta, sem lagt er fram til staðfestingar á bráðabirgðalögum, er gefin voru út til að heimila ráðherra að gefa út leyfi handa Ólafsvíkurhreppi til þess að láta fyrir lok febrúar 1960 leggja á útsvör, sem hreppsnefndin hafði allt gjaldárið 1959 vanrækt að jafna niður, en sveitarsjóður getur af skiljanlegum ástæðum ekki án verið.

Þótt vanræksla sveitarstjórnarinnar sé mjög ámælisverð og megi alls ekki skapa fordæmi, telur nefndin rétt byggðarlagsins vegna, að Alþingi fallist á að veita niðurjöfnunarheimildina.

Alþingi, 16. febrúar 1960.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Karl Kristjánsson, frsm. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr.

Alfreð Gíslason. Auður Auðuns.